

Samstarfssamningur

milli Dalabyggðar kt. 510694-2019 og Leikklúbbs Laxdæla kt. 451078-1789

1.gr. Markmið

Markmið samnings þessa eru:

- að skilgreina og efla tengsl sveitarfélagsins og leikklúbbsins.
- að hvetja til og styrkja starfsemi leikklúbbsins.
- að styrkja Dalabyggð frekar sem áhugaverðan og góðan búsetukost með öflugum og fjölbreyttu menningarlífi.
- að móta samskipti Dalabyggðar og leikklúbbsins til framtíðar.

2.gr. Aðstaða og umgengni

Leikklúbbur Laxdæla hefur endurgjaldslaust afnot af:

- Aðstöðu og geymslu í Dalabúð.
 - Leikklúbburinn hefur einkaafnot af geymslu árið um kring.
 - Leikklúbburinn hefur afnot af aðstöðu nær sviði þegar sýningar eru settar upp.
 - Leikklúbburinn sér um ræstingu aðstöðu og geymslu en hefur aðgang að ræstiherbergi og ræstivörum.
- Félagsheimilinu Dalabúð í samráði við húsvörð/skrifstofu Dalabyggðar.
 - Gert er ráð fyrir uppsetningu leikrits einu sinni til tvisvar á ári með tilheyrandi æfingum og sýningum.
 - Tímaáætlun vegna afnota komandi vetrar sé gerð að hausti í samráði við húsvörð/skrifstofu Dalabyggðar.
 - Afnot leikklúbbsins eru víkjandi gagnvart starfsemi Auðarskóla og öðrum viðburðum sem upp kunna að koma enda hafi húsvörður/skrifstofa Dalabyggðar samráð við leikklúbbinn.
Þetta gildir þó ekki um sýningar skv. tímaáætlun og ekki þarf að taka niður leikmynd á sviði á æfingartíma.
- Leikklúbburinn sér um tiltekt og ræstingar eftir sig hverju sinni s.s. vegna æfinga, sýninga og annarra viðburða á þeirra vegum.
- Dalabyggð sér um ræstingu hússins að öðru leyti.

3.gr. Framlag

Aðstaðan í húsnæðinu er metin og getið sem styrks til leikklúbbsins í uppgjöri sveitarfélagsins. Árlegt framlag Dalabyggðar til leikklúbbsins er metið eftirfarandi:

- | | | |
|--------------------------------------|-----|-------------|
| • Vegna aðstöðu og geymslu í Dalabúð | kr. | 500.000.- |
| • Vegna annarrar aðstöðu í Dalabúð | kr. | 1.000.000.- |

Áætluð nýting á húsnæðinu er eftirfarandi:

- | | |
|--------------------------|-----------------|
| • Geymsla og aðstaða | allt árið |
| • Dalabúð, félagsheimili | 200 klst. á ári |

Reiknað tímaverð hússins er:

- Geymsla og aðstaða kr. 500.000.- pr. árið
- Dalabúð, félagsheimili kr. 5.000.- pr. klst

Farið er fram á að leikklúbburinn haldi yfirlit yfir tímanotkun sína á húsnæðinu.

Leikklúbburinn skuldbindur sig til að geta þess í kynningum og annars staðar þar sem það getur átt við að Dalabyggð sé styrktaraðili leikklúbbsins.

4. gr. Skuldbindingar

Fulltrúar leikklúbbsins skulu koma á fund menningarmálanefndar einu sinni á ári að vori til, þar sem farið er yfir dagskránnu framundan. Leikklúbburinn skal skila skýrslu um störf sín á þessum fundi.

~~Fulltrúar leikklúbbsins skulu koma á fund byggðarráðs við umræður um fjárhagsáætlanagerð hvers árs.~~ Leikklúbburinn gerir tillögu að búnaðarkaupum og endurbótum sem hann leggur fyrir ~~fund byggðarráðsmenningarmálanefnd.~~ Í tillögu komi fram hugsanleg hlutdeild leikklúbbsins í búnaðarkaupum og endurbótum. Tillögur þessar verða teknar til skoðunar [við fjárhagsáætlunargerð](#) eftir efnum og aðstæðum hverju sinni.

Dalabyggð er heimilt að ljá afnot af búnaði sem keyptur er á þennan hátt til annarra notenda Dalabúðar.

Leikklúbburinn sér um að útvega jólasveina til að taka þátt í árlegri athöfn þegar kveikt er á jólatrénu við Dalabúð.

5.gr. Gildistími

Samningur þessi gildir [frá 15. október 2020](#) til ~~ársins~~ [31. desember](#) 2022. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara.

Samningsaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir að einstök atriði samningsins verði endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurskoðun skulu samningsaðilar undirrita nýjan samning með áorðnum breytingum.

Ágreiningur sem rísa kann vegna samnings þessa skal leystur með úrskurði byggðarráðs Dalabyggðar.

Samningur þessi ~~eru undirritaður með fyrirvara um staðfestingu~~ var samþykktur á fundi sveitastjórnar Dalabyggðar [þann xx.xx.2020](#).

Búðardal, XX.XX 2020

Kristján Sturluson, sveitarstjóri

F.h. Leikklúbbs Laxdæla